

Kirkjuþing 2021-2022

24. mál – þskj. 24

T I L L A G A

til þingsályktunar um miðlæga símaþjónustu þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af Steindóri R. Haraldssyni.

Frsm. Steindór R Haraldsson.

Kirkjuþing ályktar að fela forsætisnefnd að láta kanna hvort rétt geti verið að þjóðkirkjan komi sér upp miðlægri símaþjónustu.

Greinargerð.

Það er mikilvægt að þjóðkirkjan sé vakandi fyrir því að nýta sér stafrænar lausnir og fylgjast vel með þeirri öru þróun sem er á því sviði.

Miðlæg símaþjónusta felur í sér að öll símtöl til kirkjunnar fari í gegnum miðlæga svörun. Kemur þá til greina að þjóðkirkjan hafi neyðarnúmer ásamt aðalnúmeri. Aðalnúmer veitir samband við starfsmenn þjóðkirkjunnar, svo sem starfsfólk aðal stjórnsýslu og vigða þjóna. Skoða þarf t.d. hvort bakvaktarsvörun geti verið miðlæg að hluta eða að öllu leyti. Neyðarnúmer er vegna bráðatilvika.

Þessi tilhögun mun hafa verulega hagræðingu í för með sér og á sama tíma einfalda og bæta alla þjónustu þjóðkirkjunnar. Skipulag prestþjónustunnar í prófastdæmum verður einfaldari og mun færri prestar þurfa að sinna bakvakt hverju sinni. Það sem vinnst í viðbót við hagræðingu er að álag og eftirspurn eftir þjónustunni verður hægt að skrá í miðlægan gagnagrunn. Álag á hin ýmsu prestaköll mun koma í ljós. Þetta er mikilvægt verkfæri til að jafna þjónustu við þjóðkirkjufólk.